

Reykjavík, 28.janúar 2013

Aðalfundur Hestaíþróttadómarafélags Íslands

## Lagabreytingartillögur HÍDÍ

Lagt fram til afgreiðslu á aðalfundi Hestaíþróttadómarafélagsins 28.janúar 2013

### Tillaga 1:

Tillaga 1:	Núverandi lög:	Tilvísun í lög:
Að halda félagatal yfir alla hestaíþróttadómara í hestaíþróttadómarafræðum í landinu.“	Að halda skrá yfir alla hestaíþróttadómara og kennara í hestaíþróttadómarafræðum í landinu.	2.grein - a)

### Skýring:

Stjórn sér ekki tilgang okkar í að vera halda utan um kennara í hestaíþróttadómarafræðum í landinu, það heyrir ekki undir félagið.

### Tillaga 2:

Tillaga 2:	Núverandi lög:	Tilvísun í lög:
Að gangast fyrir endurmenntunarnámskeiðum, nýdómaranámskeiðum, fræðslufundum svo og ráðstefnum fyrir dómara, í samráði við Dómaranefnd LH og/eða fræðslunefnd HÍDÍ.	Að gangast fyrir námskeiðum og fræðslufundum svo og ráðstefnum fyrir dómara, í samráði við Dómaranefnd LH.	2.grein - b)

### Skýring:

Venjulega hefur það verið hlutverk stjórnar og fræðslunefndar að standa fyrir hverskyns námskeiðum og fræðslufundum. En óþarfi þykir að taka út *Dómaranefnd LH* í þessum málum sérstaklega þegar við á um hinar ýmsu ráðstefnur.

**Tillaga 3:**

<b>Tillaga 3:</b>	<b>Núverandi lög:</b>	<b>Tilvísun í lög:</b>
Aðilar að HÍDÍ geta allir hestaþróttadómarar í landinu orðið, sem lokið hafa tilskyldu prófi og greiða árlegt félagsgjald.	Aðilar að HÍDÍ geta allir hestaþróttadómarar í landinu orðið, sem lokið hafa tilskyldu prófi.	3.grein

**Skýring:**

Ákveðið er árlega félagsgjald í félagið og finnst stjórn eðlilegt að allir félagsmenn greiði félagsgjald ef þeir vilja aðild að félaginu.

**Tillaga 4:**

<b>Tillaga 4:</b>	<b>Núverandi lög:</b>	<b>Tilvísun í lög:</b>
Stjórnina skipa 5 menn og 2 til vara.	Stjórnina skipa 3 menn og 2 til vara.	8.grein – Önnur setning í málsgrein.

**Skýring:**

Sent inn sem tillaga frá tveimur félagsmönnum , nánari greinagerð vantar.

**Tillaga 5:**

<b>Tillaga 5:</b>	<b>Núverandi lög:</b>	<b>Tilvísun í lög:</b>
Stjórn er heimilt að boða varamenn á stjórnarfundi og fá þeir þá málfrelsi og tillögurétt.	Varamenn skulu sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.	8.grein – Fimmta setning í málsgrein.

**Skýring:**

Hingað til hefur ekki tíðkast að varamenn sitji stjórnarfundi heldur eru þeir til vara ef stjórnarmeðlimur forfallast eins og kemur fram í þessarri sömu grein – 8.grein laganna.

**Tillaga 6:**

<b>Tillaga 6:</b>	<b>Núverandi lög:</b>	<b>Tilvísun í lög:</b>
Stjórn félagsins skal innheimta félagsgjöld, sem aðalfundur ákveður og verða þau innheimt fyrir endurmenntunarnámskeið ár hvert. Dómarar halda félagsaðild sinni svo lengi sem þeir greiða félagsgjöld.	Stjórn félagsins skal innheimta félagsgjöld, sem aðalfundur ákveður og verði þau innheimt á samhæfingarnámskeiðum. Dómarar halda félagsaðild sinni svo lengi sem þeir greiða félagsgjöld.	9.grein

**Skýring:**

Eftir aðalfund er eðlilgt að rukka félagsgjald á alla, margir hestaþróttadómarar hafa komist hjá því að borga félagsgjald ef ekki er mætt á endurmenntunarnámskeið en hingað til hafa þeir haldið félagsaðild sinni. Hingað til hefur þetta verið innheimt ásamt námskeiðagjaldi, en stjórnin vill slíta þetta í sundur því með því að innheimta þetta sér mun það hjálpa betur til við að halda utan um félagatal félagsins.

**Tillaga 7:**

<b>Tillaga 7:</b>	<b>Núverandi lög:</b>	<b>Tilvísun í lög:</b>
Til að viðhalda dómara réttindum þarf að mæta á endurmenntunarnámskeið ár hvert. Dómari þarf að sitja allt námskeiðið án frávika til þess að virkja réttindi sín það ár. Dómari sem sækir ekki endurmenntunarnámskeið í 2-5 ár er heimilt að sækja endurmenntunarnámskeið og standast þar til gert stöðupróf til að öðlast réttindi sín á ný. Sæki dómari ekki endurmenntunarnámskeið í 6 eða fleiri ár þá er honum gert að sækja nýdómaranámskeið og endurnýja þannig réttindi sín.	Lögum þessum er hægt að breyta á aðalfundi HÍDÍ með 2/3 greiddra atkvæða. Tillaga um að leggja niður félagið telst aðeins samþykkt að hún hafi hlotið ¾ atkvæða. Verði félagið lagt niður skulu sjóðir þess og eignir renna til LH.	10.grein

**Skýring:**

Nauðsynlegt þykir að bæta þessu við reglur félagsins og bæta henni við og fengi þá 10.grein nafnið 11.grein.

**Tillaga 8:**

<b>Tillaga 7:</b>	<b>Núverandi lög:</b>	<b>Tilvísun í lög:</b>
Lögum þessum er hægt að breyta á aðalfundi HÍDÍ með 2/3 greiddra atkvæða. Tillaga um að leggja niður félagið telst aðeins samþykkt að hún hafi hlotið ¾ atkvæða. Verði félagið lagt niður skulu sjóðir þess og eignir renna til LH.		Tillaga að nýrri grein sem fengi þá heitið 11.grein.

**Skýring:**

Í raun þá breitist 10.grein í 11.grein svo hún sé síðasta greinin í reglum félagsins.